

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

APRÍL 2020



4. tbl. 23. árg.

Nýtt og gamalt við Starhaga

Timburhús var flutt á lóð á horni Starhaga og Suðurgötu í liðinni viku. Húsið var byggt árið 1896 og stóð áður á baklóð við Laugaveg og Minjavernd stóð að endurbyggingu hússins sem hefur staðið yfir í fimm ár. Borgarráð Reykjavíkur samþykkti 17. nóvember 2016 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Starhaga vegna lóða nr. 1 og 3 við götuna. Í breytingunni fólst að í stað einlyftra húsa á stórum grunnfleti er gert ráð fyrir einlyftum húsum á minni grunnfleti, á háum kjallara og með rishæð í samræmi við timburhús sömu megin götu. Ætlunin er að húsið fari í sölu innan tíðar. Við hlið þess er opin grunnur sem nýlega var grafin fyrir öðru húsi.



OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Apótekið þitt
í hverfinu þínu
Héðinshúsinu Seljavegi 2

Góð þjónusta
Hagstætt verð

FAGLEG RÁÐGJÖF / LYF / SNYRTIVÖRUR / HEILSU- & NÁTTÚRUVÖRUR

REYKJAVÍKUR APÓTEK
HÉÐINSHÚSINU SELJAVEGI 2 – SKEIFUNNI 11

Gleraugun heim!

Þú getur verslað linsur, gleraugu með styrk og margt fleira á eyesland.is.

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!

Eyesland gleraugnaverslun · www.eyesland.is



Bláber - Hindber
Brómber - Jarðarber



Sími 551-0224

Allt á grillið!

Nú er um að gera nota langa helgi og grilla

Nautakjöt, Rib-eye, lundir, file, entrecote
Lambakjöt, læri, file, prime-rib
Svínakjöt, kótelettur, hnakki og lundir
Kjúklingar, heilir, bringur, læri & leggir
... og svo allt meðlætið

- Opið 1. maí kl 10.00 - 20.00 -



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

4. tbl. 23. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Vesturgatan

Vesturbæjarblaðið er með nokkuð öðrum hætti að þessu sinni. Því veldur það fordæmalausa ástand sem nú gengur yfir heimsbyggðina í kjölfar kórónaveirunnar. Atvinnulíf og raunar allt mannlíf er gengið úr skorðum. Fyrirtæki eru mörg lokuð eða vinna á takmörkunum hraða. Fólki sem á þess kost sækir vinnu heiman frá sér. Skólastarf liggur nánast niðri. Fáir eru á ferli og erfitt að ná til fólks.

Þetta hefur leitt til þess að þurft hefur að sækja á önnur mið í efnisöflun. Fjallað er um Vesturgötuna sem er móðir gamla Vesturbæjarins. Gatan sem bæjarhlutinn byggðist út frá. Gatan þar sem sjósækjendur settust að í nágrenni hafnarinnar. Gatan sem tengdi Kvosina við Ánanaust og varð hluti leiðarinnar út á Seltjarnarnes. Tengdi útvegssvæðin við miðbæinn sem var að myndast.

Við Vesturgötuna standa mörg hús frá þeim tíma er gatan var að byggjast. Önnur hafa vikið fyrir yngri byggingum. Í tímans rás hefur götumyndin þó haldist fremur lítið breytt. Sögunni hefur ekki verið rutt burt nema þar sem ekki var annars kostur.

Vesturgatan er bæði barn síns tíma og nútímans. Við Vesturgötu var hjarta Reykjavíkur fyrr á tímum. Þótt borgin hafi þanist á ýmsa vegu í tímans rás hefur gatan staðið fyrir sínu. Þar sem sjófarendur og handverksmenn fyrir tíma lögðu hönd að verki hefur dafnað fjölbreytt líf í blandaðri borgarbyggð.

Vesturgatan mun framvegis sem fyrr bera merki þess tíma er Reykjavík var að myndast. Sagan er þar við hvert fótmál þótt í stuttri blaðgrein sé aðeins unnt að stikla á stóru.

Gamla Farsóttarhúsið

- byggt sem farsóttarhús, varð síðar stjórnstöð Landhelgisgæslunnar og nú fyrirhugaður byggingarreitur

Hluti af húsnæðissáttmála stjórnvalda sem var kynntur árið 2017 í stjórnartíð Þorsteins Víglundssonar, fyrrverandi félags- og jafnréttismálaráðherra og Benedikts Jóhannessonar, fyrrverandi fjármálaráðherra var að reisa allt að fjögur hundruð íbúðir á landhelgisgæslulóðina við Seljaveg þar sem gamla sóttvarnarhúsið stendur. Tekið var fram að um yrði að ræða hagkvæmar íbúðir fyrir ungt og efnaminna fólk.

Gamla farsóttarhúsið á sér sína sögu. Í lögum frá 1902 var kveðið á um að byggja skyldi sérstök sóttvarnarhús í kaupstöðum landsins á kostnað landssjóðs. Strax árið 1903 var sóttvarnarhúsi fyrir Reykjavík valinn staður vestan bæjarins, neðst í túni Miðsels niðri við sjó. Árið 1905 var húsið ekki fullgert, en smíði þess þó svo langt komin að hægt var að hafa þar sjúklinga í sóttkví. Smíði hússins var svo að mestu lokið haustið 1906. Um er að ræða einlyft hús með kjallara, risi og kvisti, byggt af bindingi og klætt að utan með járnri á þaki og



Gamla farsóttarhúsið og síðar stjórnstöð Landhelgisgæslunnar.

veggjum. Við hvorn gáfl hússins er áfastur skúr sem innangengt er um, hvor um sig byggður eins og húsið. Tveir reykháfar voru upphaflega á húsinu. Húsið var óbreytt við næstu virðingar árin 1925 og 1942. Eftir 1925 þjónaði Sóttvarnarhúsið í Reykjavík öllu

landinu og var rekið sem slíkt til ársins 1954 þegar það var aflagt með lögum og húsið selt Landhelgisgæslunni. Árið 1935 voru 25 sjúkrarúm í húsinu. Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar var um árabíl í húsinu og af því dregur reiturinn heiti sitt í dag.

Framkvæmdir við Lækjargötu í bið

Framkvæmdir við byggingu hótels á vegum Íslandshótela í Lækjargötu hafa verið settar í bið. Upphaflega var gert ráð fyrir að opna hótelið sumarið 2018. Bygging þess hefur tafist og er skrokkurinn hálfbyggður í dag en gert hefur verið ráð fyrir að opna það í mars á næsta ári. Húsið stendur á horni Lækjargötu og Vonarstrætis þar sem gamla Íslandsbankahúsið var.

Ástæður þessa eru vegna hinna fordæmalausu aðstæðna er sköpuðust í kjölfar corona faraldursins sem orðið hefur til þess að engir ferðamenn koma til landsins. Óvíst er um framhald byggingarinnar en það kann að fara eftir því hversu víðtækar afleiðingar heimsfaraldursins verða. Hvort og hvenær ferðaþjónustan fer aftur af stað. Nú mun unnið að



Þannig er gert ráð fyrir að hótél Íslandshótela líti út fullbúið.

því að loka byggingasvæðinu og búa það undir bið. Spurning er um hvaða möguleika borgaryfirvöld eiga í málinu en þau úthlutuðu Íslandshótelum

lóðinni á sínum tíma. Tekst að bíða coronafaraldurinn af sér eða þarf að breyta notkun hússins í aðra veru.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

Húsfélagapjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundur
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta



• EIGNAUMSJÓN www.eignausmsjon.is



EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímapantanir: 528 8505

Optical Studio
HAFNARTORGI

Kirkjan er í sókn

- segir Pétur G. Markan samskiptastjóri Þjóðkirkjunnar

Pétur G. Markan samskiptastjóri Þjóðkirkjunnar spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni. Pétur á ættir úr Skerjafirði en ólst upp í Fossvogi. Hann segir að þótt hann sé ekki Vesturbæingur í raun eigi hann margvísleg tengsl við þennan bæjarhluta. „Faðir minn, Hörður Markan, lék fótbolta með KR. Pabbi var KR-ingur og það er lífstíll, hluti af gullaldarliði félagsins sem kenna má við ártalið 1968. Fortíð föður míns hafði áhrif á mig. Ég æfði knattspyrnu og varð knattspyrnumaður. Það hafði, og hefur, mikil áhrif á mig að pabbi dó rétt um fimmtugt. Fram að því hafði ég ekki sérstakar ambisjónir að spila fótbolta lengur en barnaboltinn nær. Föðurleysið dreif mig áfram í boltanum, sjálfsgangur til að lifa drauminn hans og vinna föðurlega „freudíska“ aðdáun. Ég sé kannski mest eftir því á mínum fótboltaferli að hafa aldrei spilað með KR. Árið 2009 stóð það jafnvel til. Það eru mörg frábær lið á Íslandi en bara eitt stórveldi. Það er staðreynd. Svo geta menn karpað um með hvaða liði þeir halda og hversu skynsamlegt það er. Ekkert rangt svar í þeirri umræðu. En það bíða allir leikmenn eftir leiknum í Frostaskjólínu.”

„Ég er fyrst og fremst félagsvera, pólitíkus og umbótasinni,” segir Pétur. „Fór fljótt að taka forystu þar sem ég var. Ég var bekkjarformaður, formaður í nemendaráðum og var síðan í háskólapólitíkinni. Ég er alinn upp á pólitísku heimili þar sem stefnan var til vinstri. Vinstriveran í mér er gjöf frá frá mömmu. Mamma var lengi dagmanna, starfaði heima og ég deildi fallega herberginu mínu með öðrum börnum alla daga. Þannig var alltaf dauf í mér þessi eignarréttatilfinning, og er enn þá. Í staðinn hvílir í mér sterk sannfæring samvinnu, samabyrgðar og samneyslu. Hvernig samfélagið virkar af gagnkvæmri virðingu - maðurinn fullkomnast í sjálfum sér þegar hann deilir með sér umhverfi sínu, þekkingu og kærleika.”

Var mikið á vesturhlíð Vatnsmýrarinnar

Þrátt fyrir að alast upp í Fossvoginum kveðst Pétur engu að síður hafa eytt stórum hluta æfi sínar í tengslum við Vesturbæinn. „Ég eyddi miklum tíma við Sæmundargötuna. Var framkvæmdastjóri stúdentaráðs og skautaði á milli verkefna tengdum Háskólanum. Ég var því mikið á vesturhlíð Vatnsmýrarinnar meðal annars sem verkefnisstjóri á Markaðs- og samskiptasviði Háskóla Íslands. Svo flutti ég í gamla Vesturbæinn þegar ég hleypti heimdraganum. Átti heima á skipstjórögötunum, Marargötu og Bárugötu og auk þess sem við

Björg Magnúsdóttir, fjölmiðlakona og góð vinkona mín, bjuggum saman á Neshaganum á milli sambandsvertíða - leigðum saman. Svo Vesturbærinn og miðbærinn hefur sterka taug í mér.”

Stofa fimm er mér hugleikin og minnisstæð

Pétur lauk guðfræðisprófi frá Háskóla Íslands. „Stofa fimm í aðalbyggingu Háskólans og Háskólakapellann eru mér bæði hugleikin og minnisstæð. Ég hef þó ekki lokið embættisprófi. Sá mig aldrei í almennilega í hlutverki prestsins. Kannski samskiptum mínum við Guð sé ekki best lýst í lokaorðum ljóðsins eftir Paul Simon, Kathy's song;

*And as I watch the drops of rain
Weave their weary paths and die
I know that I am like the rain
There but for the grace of you go I*

„Ég var heldur aldrei mjög efnilegur námsmaður í guðfræðinni. Háskólaárunum eyddi ég í stúdentapólitík, fótbolta og frítímanum í að spila á gítar í háskólakapellunni. Það er ráðgáta hvernig ég lauk með 1. einkunn. Ég hef ekki hugsað mér að klára magisterprófið þótt maður eigi auðvitað að segja „aldrei að vita“.

Tvisvar vestur á fjörðum

Pétur á tíma úr æfi sinni vestur á fjörðum. Hann var sveitarstjóri Súðavíkurhrepps og leiddi hagsmunabaráttu fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum á sama tíma. Varð meðal annars formaður fjórðungssambands Vestfjarða og stjórnarformaður Vestfjarðastofu svo nokkurs sé getið. En hvernig stóð á að hann ákvað að fara vestur. Hann segir að upphaf þess megi rekja aftur til aldamótanna. „Ég var 19 ára þegar ég fór fyrst vestur. Barna voru ákveðin tímamót í lífi mínu. Ég var að verða fullorðinn og fann þörf fyrir tilbreytingu. Í afmælisávarpi til Ísafjarðarbæjar lýsti ég mér einu sinni þessum tíma svona: „Ég var föðurlaus tinkarl í leita að hjarta“ „Ég lauk lokaárinu í framhaldsskóla fyrir vestan og spilaði fótbolta og fékk mína eldskírni sem ungur fyrirliði og leiðtogi í BÍ liðinu. Hélt síðan aftur suður til frekara náms – fullorðin.”

Félagsveran sigraði fótboltamanninn

Pétur spilaði í meistaraflökki í rúman áratug. „Ég átti mjög gott tímabil í úrvalsdeildinni með Fjölni sumarið 2008 og þaðan fór fór ég í Val. Það var góð upplifun að spila með toppklúbba og frábærum leikmönnum. Það voru forréttindi að spila með þeim, en sjálfsgagt þrekaun fyrir þá og klúbbinn. Ég hreifst með pólitíkinni á saman tíma. Ég var formaður ungra jafnaðarmanna í Reykjavík og fór í framboð til Alþingiskosninga, og



Pétur G. Markan með fjölskyldu sinni á góðri stundu.

endaði sem varaþingmaður undir lokin á kjörtímabilinu. Það hafði áhrif á frammistöðuna. Mér var hins vegar sama, þegar kemur að pólitík hef ég köllun, hæfileika og ástríðu. Fótboltinn var meira æskuuppgjör hjá mér sem dróst á langinn. Það er meiri stjórnmálamaður í mér en fótboltamaður.” Pétur hélt aftur vestur árið 2011, í því skyni að klára knattspyrnuferilinn sem fyrirliði BÍ/Bolungarvíkur, þar sem hann byrjaði af alvöru. Pétur var ekki svo gamall þá, 31 árs, og hefði getað átt mörg ár eftir í boltanum. Af hverju ákvað hann þá að fara vestur með það að markmiði að klára ferilinn? „Félagsveran í mér hefur alltaf átt meira í mér en fótboltamaðurinn. Ég er líka betri stjórnmálamaður en fótboltamaður. Félagsveran sigraði fótboltamanninn. Ég er samt afar þakklátur fyrir ferilinn minn – það er leitun af lélegri fótboltamanni sem spilaði með jafn góðum liðum og betri leikmönnum.

Sveitarstjóri og forystumaður um málefni Vestfjarða

Ég flutti aftur vestur á firði, tók við fyrirliðabandinu sem ég hafði skilið eftir 21 árs og fór að vinna sem framkvæmdastjóri Héraðssambands Vestfjarða. Við komum okkur fyrir í Súðavík og ég fór að skipta mér af pólitíkinni. Ég varð sveitarstjóri eftir kosningarnar 2014 og í hönd fór dásamlegur tími uppgangs, umbóta og framfara. Rekstur

Mér var hins vegar sama, þegar kemur að pólitík hef ég köllun, hæfileika og ástríðu. Fótboltinn var meira æskuuppgjör hjá mér sem dróst á langinn. Það er meiri stjórnmálamaður í mér en fótboltamaður.

sveitarfélagsins tók stakkaskiptum, atvinnuþróunarmál fóru á fullt, samfélagið fékk lit í vangann og eld í hjartað. Sveitarfélagið fékk verðskuldaða athygli og var mikið í fjölmiðlum þetta kjörtímabilið. Á miðju kjörtímabili tek ég síðan við sem formaður Fjórðungssambands Vestfjarða. Í því hlutverki var ég talsmaður hagsmuna sveitarfélaga á Vestfjörðum og sömu sögu má segja um að athygli og hagsmunapungi fjórðungsins hafi aukist til muna. Fyrir utan stórmál eins og laxeldi, virkjanir og samgöngubyltingu þá brann ég fyrir einu máli sérstaklega, sameiningu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Fjórðungssambandsins. Mál sem hafði verið reynt áður en strandað á pólitískum vilja og forystu. Það var því mikil sigur fyrir Vestfirði og mig persónulega að klára stofnun Vestfjarðastofu, þar sem verkefni FV og AtVest runni inn í.” Pétur sagði í grein sem hann birti á BB.is, fréttasíðu Vestfjarða og Vestfirðinga að stofnun Vestfjarðastofu hafi verið mesta framfaraskref í vestfirskum sveitarstjórnarmálum

í lengri tíma. „Hagsmunamáli Vestfjarða hafa undanfarið komist mun meira í kastljós fjölmiðla, kaffistofa og almannaróms. Þaðan endurvarpast baráttan, samkvæmt frumstæðri hegðun pólitíkur, til landsstjórnarmála. Eitthvað sem sárlega hefur vantað, en undanfarin tvö ár hefur orðið stigmögnun í umfjöllun fjölmiðla um málefni Vestfjarða. Slíkt er nauðsynlegt, þó umræðuhamurinn geti stundum veðrað mann og gert óálitlegan í einhverjum finum boðum. Þá er bara að muna eftir voninni,” skrifar Pétur.

Kirkjan þarf að eiga samfylgd með þjóðinni – ekki ríkinu

Svo liggur leiðin til biskupsstofu. „Aðstæður í fjölskyldunni kölluðu á breytingar á búsetu. Konan mín er að ljúka magisternám í guðfræði og við hefðum orðið að kljúfa upp fjölskylduna til þess það láta það ganga upp. Það vildum við ekki. Þegar starf samskiptastjóra



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Biskupsstofu var auglýst ákvað ég að sækja um. Var valinn úr hópi 26 umsækjenda. Það var mikill áhugi á starfinu enda ljóst að spennandi verkefni væri framundan í stefnumörkun í ásynnd og ímyndamálum kirkjunnar – hvernig kirkjan ætlaði að birtast þjóðinni og þjónusta í framtíðinni.”

Já – nýjungar í starfi Þjóðkirkjunnar

Er nýjunga að vænta í starfi Þjóðkirkjunnar. “Afráttarlaust Já er stutta svarið. Ég man þegar ég heyrði Agnesi biskup segja við mig í fyrsta skipti kirkjan þyrfti að eiga samfylgd með þjóðinni en ekki endilega ríkinu. Þá vissi ég að verkefnið væri ekki bara spennandi, heldur væri nauðsynleg fyrir framtíð kirkjunnar og ekki síður mikilvægt fyrir þjóðina að eiga atfyllgi í þjóðkirkjunni, sem þarf að vera samverkamaður í nýsmíði framtíðarinnar. “Kirkjan á að vera einn af smiðum leikmyndar framtíðarinnar - hamar og nagli uppbyggingar mannsins. Ef henni tekst að verða samtíða þjóðinni á hún góða tíma framundan.”

Andstreymi að undanfögnu

“Það er rétt að kirkjan hefur verið í andstreymi undanfarin áratug, jafnvel lengur,” segir Pétur. Það er vangreining að skrifa það andstreymi á tilvistarbreytingar á eðli mannsins – að maðurinn sé að ganga af trúnni. Það er rangt. Maðurinn er andlega leitandi – hefur verið það og verður um ókomna tíð. Hins vegar er ljóst að ef fólk finnur sig ekki innan kirkjunnar, er ósátt við stofnunina skráir það sig annað. Skellir sér í Sólir út á Granda. Það er mikil breyting sem kirkjan þarf að laga sig að. Kirkjan býr yfir gríðarlegum mannauði og þekkingu á andlegum málum.

Þjóðkirkjan er stofnun sem rekur raunverulega byggðastefnu. Raðar háskólamenntuðu starfsfólki út á akurinn, í fámennari jaðarbyggðir, jafnt sem fjölmennari byggðakjarna. Jafnvel Byggðastofnun getur ekki státað af því með jafn myndarlegum hætti og Þjóðkirkjan.

Kirkjan er fagaðili þegar kemur að sálægslu sem er grunnþjónusta í velferðarumhverfi mannsins og einnig fagaðili þegar kemur að útförum, síðustu skrefin með ástvinum okkar. Yfir þessu og svo mörgu öðru býr kirkjan og gerir hana að kjölfestu stofnun í íslensku samfélagi. En það er hins vegar ekki sjálfsgagt að þessi starfsemi skili sér í jákvæðu viðhorfi landsmanna. Þar kemur inn á mitt hlutverk. Hlutverkið mitt er að aðstoða við stefnumörkun um á hvern hátt þjóðkirkjan ætlar að mæta þjóðinni og eiga með henni samfylgd.”

Kirkjan þarf að halda úti andlegu velferðarkerfi

“Kirkjan verður að starfa með margbreytilegum veruleika samtímans. Tuttugasta öldin fór í að skilgreina og koma velferðarkerfi á fót. Fyrst snerist umræðan um hvort það ætti að vera velferðarkerfi. Svo komust menn á þá niðurstöðu að velferðarkerfi væri grunnþjónusta sem þyrfti að vera til staðar. Núna karpa menn hversu víðtækt kerfið eigi að vera, en tilvist þess og mikilvægi svo til óumdeilt. Ég sé sömu þróun eiga sér stað varðandi trú og andlega leit. Við nálgumst hratt þann umræðu stað að andleg rækt mannsins er grunnþörf – ekki fáfræði fortíðarinnar. En af sama

skapi þarf Kirkja að tileinka sér margbreytilega þörf manna til að leita andlegrar upplifunar. Hvort sem það er hámessu eða lágmessu, kyrrðarbæn eða jóga og í raun allt spektrúmið. Ef kirkjan svarar þessu kalli framtíðarinnar er kirkjuvor fram undan. Andstreymið verður saga sem við höldum til hoga til að gleyma ekki. Maðurinn er leitandi vera. Leitinn er ein af grunnþörfum mannsins. Henni verður að sinna með andlegu velferðarkerfi rétt eins og öðrum grunnþörfum er sinnt með veraldlegu velferðarkerfi.”

Græna kirkjan og Mannréttindakirkjan – fjölmennustu samtök Íslands á sínu sviði

Pétur segir tvö verkefni hafi fengið mikinn kraft undanfarið, til að skerpa á og efla samfélagshlutverki Kirkjunnar. „Annað þeirra er græna kirkjan. Græna kirkjan snýr að því að kirkjan hefur hlutverki að gegna er varðar umhverfisvernd. Tuttugasta öldin var öld lýðræðisins. Þegar verið var að koma lýðræði á fót í mörgum löndum. Þótt því verkefni sé alls ekki lokið hafa önnur bæst við. Tuttugasta og fyrsta öldin er öld umhverfisins. Vigdís Finnbogadóttir var að því leyti á undan sinni samtíð að planta trjám þegar hún var

forseti Íslands. Ef þjóðkirkjan nær takmarki sínu í þessu efni verður hún stærstu umhverfissamtök hér á landi. Mannréttindakirkjan er annað viðfangsefni. Verkefni til að stuðla að mannréttindum og verja grunnréttindi allra einstaklinga og breiða mannréttindahugsjónina sem víðast. Í mínum huga er þetta einfalt. Kirkjan á að vera fjölmennustu umhverfissamtök á Íslandi undir heitinu Græna kirkjan og kirkjan á að vera fjölmennustu mannréttindasamtök Íslands undir heitinu Mannréttindakirkjan. “

Neskirkja, Ægisíða, Vesturbæjarlaugin og KR

Pétur snýr sér að Vesturbænum. Neskirkja er dæmi um öflugt og gott kirkjustarf í gegnum tíðina. Hún er eitt af einkennum Vesturbæjarins. Eins og KR, Ægisíðan og Vesturbæjarlaugin er hún hornsteinn Vesturbæjarsamfélagsins. Kirkjan er ekki bara Biskupsstofa. Hún er sóknirnar út um allar byggðir. Og nú tala ég eins og sveitarstjórnarmaður. Sveitarstjórnarstigið er ekki bara Samband Íslenskra sveitarfélaga. Stofnun í Reykjavík. Heldur sveitarfélögin um allt land. Við megum ekki einbíla um of á miðlæga stjórnsýslu kirkjunnar. Glæsilegar kirkjur og öflugt félagsstarf um landið allt er kirkjan.

Kirkjan er stofnun með alvöru byggðastefnu

Þjóðkirkjan er stofnun sem rekur raunverulega byggðastefnu. Raðar háskólamenntuðu starfsfólki út á akurinn, í fámennari jaðarbyggðir, jafnt sem fjölmennari byggðakjarna. Jafnvel Byggðastofnun getur ekki státað af því með jafn myndarlegum hætti og Þjóðkirkjan. Kirkjan er líka fræðslu og velferðarstofnun.

Fræðsluhlutverkið má rekja við siðbótar Martins Luters. Fræðsluhlutverkið kom með siðbótinni. Kirkjan hefur sinnt því hér á landi. Á fyrri hluta liðinnar aldar voru prestar að kenna konum að lesa dönsku svo þær gætu lesið dönsku blöðin. Víða út um land voru þeir einu háskólamenntuðu einstaklingarnir í byggðarlögunum. Svo voru læknar en þeir sinntu fremur heilbrigðisþjónustunni. Hlutverk prestanna hefur alltaf verið meira og víðtækara en að messa, jarða, gifta, skýra og ferma. Þeir hafa gegnt félagslegu hlutverki á meðal fólksins. Kirkjan þarf að vera kirkja þjóðarinnar. Kirkja fólksins. Hún hefur margvíslegu hlutverki að gegna.”

Hún rúllar þessu upp

Þetta er kraftmikil framtíðarsýn, er forysta Kirkjunnar nægilega öflug til að láta ræstast úr henni. “Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, er fyrsti kvenbiskupinn, fráskilin að vestan. Ef það væri hægt að mæla þykktina á þeim glervegg. Hún hefur sigræð meira krefjandi verkefni vill ég meina. Kirkjan er í sókn undir forystu Agnesar. Hún rúllar þessu upp – ég hef trú á því.”

Sveitarstjórnarmálin eru ekki að baki

En hvað með sveitarstjórnarmálin, eru þau að baki? “Nei, alls ekki. Ég er mikill umbótasinni eins og ég kom að áðan og hugsu lífið í verkefnum. Núna er ég í miðju verkefni, það gengur vel og mun skila sér í öflugri kirkju og öflugra samfélagi er ég handviss um. Mikil forréttindi að fá að tilheyra slíku. Svo er það bara næsta verkefni. Ég bý allavega í Hafnarfirðinum og hef skotið þar rótum. Einstakt samfélag þar sem börnin mín munu vaxa úr grasi.”



Kristall er tannvænn drykkur





Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Varðveita þarf minningu fiskveiða við Ægissíðu

Elín Vilhelmsdóttir segir á Facebook síðunni Vesturbærinn vilja láta gera fjöruna aðgengilegri við gömlu grásleppuskúrunum þannig að auðvelt verði fyrir börn og fullorðna að fara niður á sandinn. Tillaga hennar um það var valin í kosningunum "Hverfið mitt" 2019. Hún segir að lagfæra þurfi steinbryggjuna og nýta það heita vatn sem virðist nú renna út í sjóinn óhindrað. Lagfæra þurfi skúrana og koma upp einhvers konar minningum um athafnalíf grásleppukarlanna.

Hún segir vinsælt að ganga meðfram ströndinni en því miður sé ekkert sem minni á þá merklegu útgerð og fiskvinnslu sem átti sér stað við Ægissíðuna. "Við sem dorguðum á steinbryggjunni og fylgdumst með bátunum fara og koma erum orðinn fullorðin og minningarnar hverfa með okkur. Við eigum að sýna þessum forfedrum okkar þá virðingu sem þeir eiga skilið. Það eru innan við 50 ár síðan fiskveiðarnar í Skerjafirði lögðust smám saman af en ekkert minni á veiðarnar nema hálfvallnir skúrar," segir Elín. Hún segir síðan frá því að 8. apríl hafi hún orðið áhorfandi að flutningi eins skúrsins svo einhverjar framkvæmdir virðist vera að fara í gang.



Verið að hífa einn skúranna við Ægissíðu á bílpall 8. apríl sl.

GETRAUNANÚMER KR
107
GETRAUNIR.IS

Sumarið er komið
Vertu þú sjálf, vertu Belladonna



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Malbikað fyrir tæpan milljarð

Lækjargata, Skúlagata, Snorrabraut, Ásvallagata, Bræðraborgarstígur, Grenimelur, Hjarðarhagi, Ingólfsstræti, Laugavegur, Lynghagi og Meistaravellir eru götur þar sem unnið verður að malbikun í Vesturbæ og Miðborg á komandi sumri.

Alls er áætlað að malbika götur fyrir tæpan milljarð í sumar. Bæði er um að ræða malbikun yfirlaga en einnig endurnýjun með fræsingu og malbikun. Vegalangt þar sem malbikun er fyrirhuguð er um 20,2 kílómetrar. Að auki verður unnið við hefðbundnar malbiksviðgerðir og er kostnaður við þær áætlaður um 207 milljónir króna. Áætluð upphæð malbikunarframkvæmda 2020 er því alls 991 milljónir króna.



Unnið að malbikun.

UMHVERFISVÆNAR VÖRUR
FYRIR HEIMILIÐ
FÁST Í VONARSTRÆTI



Minum á vefverslun okkar vonarstraeti.is + heimkeyrslu á Reykjavíkursvæðinu

VONARSTRÆTI - Laugavegi 27 - S.775 8808 - Facebook: @vonarstraeti.verslun - Instagram: @vonarstraeti

VONARSTRÆTI

40%
GLÖÐ

100% EINS OG HÚÐIN

100% ÞÚ

35%

GLETTIN

25%

DREYMIN

NÝTT NIVEA Q10 POWER EXTRA NOURISHING

MEÐ LÍFRÆNNI ARGAN OLÍU + Q10 EINS OG ER Í HÚÐINNI

ENDURNÝJAR VARNIR HÚÐARINNAR
GEGN ÓTÍMABÆRRI ÖLDRUN

- ✓ STINNARI HÚÐ Á 2 VIKUM
- ✓ MINNI HRUKKUR Á 4 VIKUM
- ✓ DJÚPNÆRIR ÞURRA HÚÐ



Vesturgata

- móðir gamla Vesturbæjarins

Vesturgata varð til um miðja 19. öld. Vesturgata er fyrsta gatan sem lögð var út frá miðbænum eða Kvosinni. Lagning hennar hófst árið 1840 og náði elsti hluti hennar vestur að lækniþústað sem Jón Thorsteinsson landlæknir reisti og kallaður var Doktorhúsið þar sem Ránargata 13 stendur í dag. Doktorhúsið var ekki aðeins lækningahús heldur var fyrsti Stýrimannaskóli á landinu í því húsi. Um tíma var hluti götunnar kallaður Læknigata en það nafn náði þó ekki að festast við hana. Um 1860 var tekin ákvörðun um að framlengja götuna vestur að Hlíðarhúsum. Byggð var þá farin að aukast og nokkrum árum síðar eða 1866 var ákveðið að leggja götuna alla leið vestur að sjó. Var þá horft til þess að gatan yrði aðalleið úr Reykjavík út á Seltjarnarnes. Fyrir tíma Vesturgötu lá stígur frá Kvosinni vestur í Ánanaust. Nefndur Hlíðarhúsastígur og nafnið dregið af Hlíðarhúsum sem voru nokkrir bæir er stóðu á landi jarðarinnar Hlíðarhúsa norðanvert við núverandi Vesturgötu.

Hlíðarhús voru með elstu byggðum í Reykjavík. Þau voru þar sem Vesturgata frá 24 til 28 stendur í dag. Talið að Hlíðarhús hafi upphaflega verið hjáleiga eða jafnvel fjárhús frá fornu höfuðbóli er nefndist Víkur. Um 1600 voru Hlíðarhús orðin sjálfstæð jörð. Fyrstu Hlíðarhúsabæirnir munu hafa verið byggðir á sautjándu öld. Við manntalið 1703 töldust 15 manns búa í Hlíðarhúsum en árið 1762 voru íbúar þar taldir 39.

Fólksfjölgun með Innréttingunum

Þessa fjölgun má að einhverju leyti rekja til stofnunar Innréttinganna árið 1751. Þá fjölgaði tómt húsmönnum, fólki er ekki bjó með húsdýr í nánd við Aðalstrætið.

Árið 1866 tók bæjarstjórn Reykjavíkur við jörðinni Hlíðarhúsum eftir að E. Thorsteinsen sem þá var ekkja og ábúandi þar flutti af jörðinni. Nokkrir bæir voru reistir í Hlíðarhúsum upp úr því og þótti bygging þeirra og frágangur til fyrirmyndar miðað við aðra bæi í Reykjavík. Einkum bæi sem byggðir höfðu verið í landi Skugga þar sem Skuggahverfið er í dag. Á korti frá árinu 1887 sést að fleiri timburhús hafa við byggð við Vesturgötu og á korti sem Landmælingadeild herforingjaráðs lét gera árið 1902 sést hvar bólverkum fyrir aðkomu báta var komið fyrir við sjávarsíðuna. Árið 1888 var nafnið Vesturgata lögfest eftir höfuðátt frá Aðalstræti.

Byggð beggja vegna um aldamót

Um aldamótin 1900 má segja að byggð hafi verið risin beggja vegna götunnar



Hlíðarhúsabæirnir um 1870 samkvæmt málverki Jóns Helgasonar biskups. Hlíðarhúsabæirnir voru: Norðurbær, Vesturbær, Sund, Skáli, Miðbær, Jónsbær og Austurbær. Allir þessir bæir nema Vesturbæirinn voru rifnir fyrir aldamótin 1900. Vesturgata 26 til 28. Þar stóðu Hlíðarhúsabæirnir forðum.

langleiðina að Ánanaustum. Nærliggjandi götur tóku einnig að byggjast. Nýlendugata samliggjandi Vesturgötu að norðan og Ránargata, Öldugata og Bárugata að sunnan. Þar byggði margir er tengdust sjó

og sjósókn. Segja má að gamli Vesturbæirinn hafði að verulegu leyti byggst út frá Hlíðarhúsajörðinni og þeirri búsetu sem þar hafði þróast og síðan Vesturgötu.

Tómt húsmenn í Hlíðarhúsum

Í Hlíðarhúsum bjuggu einkum tómt húsmenn og útvegsbændur. Margir töldust til hinna fátækari en einnig komu framkvæmdamenn af þessum slóðum. Má þar nefna Jón Ólafsson frá Hlíðarhúsum. Hann var einn hluthafa í Fanneyju fyrsta þilskipinu sem Reykvíkingar eignuðust.



Gamalt og nýtt við Vesturgötu. Götuhaus frá 1895 og blokk byggð snemma á sjöunda áratugnum.



Á þessum fallega steini við Götuhaus er heiti hússins og byggingarár þess skráð.

OPNUNAR-TÍMAR:

Virka daga
11.30-18.00
Laugardaga
10.00-16.00
Sunnudaga
Lokað

Opnunartímin hefur breyst tímabundið!



Sjálfstætt
starfandi apótek
sem býður
persónulega
þjónustu og
hagstæð verð á
lyfjum og öðrum
heilsutengdum
vörum.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki



ÍSLANDS

LAUGAVEGI 46



APÓTEK

S: 414 4646

Hann stundaði mikla útgerð á þeirra tíma mælikvarða og lét bæjarmál einnig til sín taka. Annar var Sighvatur Bjarnason sem var sonur tómtúsmanns og útgerðarmanns í Hlíðarhúsum. Hann stundaði nám í bankastörfum í Kaupmannahöfn og gerðist bókarí i Landsbankanum þegar hann tók til starfa árið 1886. Sighvatur var ráðinn bankastjóri nýstofnaðs Íslandsbanka árið 1904 og gegndi starfinu til ársins 1921. Hann átti sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur með hléum frá 1900 til 1920 og var forseti bæjarstjórnar frá 1916. Ársæll Jónasson kafari var úr Hlíðarhúsum. Hann gaf út bók um verklega sjóvinnu. Námsefni fyrir sjómenn. Þá má nefna Þórð Ólafsson en hann var faðir Sigurðar Þórðarsonar tónskálds og stjórnanda Karlaðs Reykjavíkur. Páll Matthiasson skipstjóri reisti veglegt steinhús við Vesturgötu 32. Í húsi er áður stöð á þeirri lóð hafði Sigurður Símonarson fyrsti skútuskipstjóri hér á landi búið og einnig Ásgeir Þorsteinsson skipstjóri og fyrsti formaður Öldunnar. Ásgeir var faðir Herdísar konu Tryggva Ófeigssonar útgerðarmanns. Í næsta húsi við Vesturgötu 34 bjó Símon Sveinbjarnarson skipstjóri faðir Halls Símonarsonar bridgsspilara og afi Halls Hallssonar blaðamanns. Þórbergur Þórðarson rithöfundur bjó lengi á Vesturgötu 35. Á einhverjum stað segist hann hafi notið leigu svo sannra aðalsmanna að þeir hafi aldrei hækkað leiguna þótt verðlag stigi risaskrefum.

Hogesen í Dúkskoti

Dúkskot var við Vesturgötuna þar sem Garðastræti tengist henni í dag. Þar var eftirtektarverður maður sem bjó hjá Jóni hafnsögumanni. Hann hét Kristján Hákonarson og hafði áður búið í Klettakoti. Hann kallaði sig Hogesen. Hann kvaðst hafa fengið Hogesensnafnið og einkennisfrakka sem hann klæddist jafnan í viðurkenningarskyni fyrir frábært starf frá erlendum skipstjóra þegar hann sem hafnsögumaður hafði komið skipi hans til hafnar. Samtímamenn töldu þetta þó aðeins grobb í karlinum og að einhverjir útlendingar hefðu verið að dárast að honum og logið hann fullan. Talið er að Kristján sé fyrirmynd Halldórs Laxness að Kaffein Hogesen í Brekkukotsannál. Í bók Halldórs Laxness bjó hann á loftinu hjá Birni í Brekkukoti, reis upp hvern nýársdag og gekk á fund landshöfðingjans og bar fram kröfur fyrir land og þjóð og þáði staup af brennivíni að launum því hann væri eins og landshöfðinginn sagði eini sjóherinn á Íslandi.

Rómanía

Í litlu koti sem oft var kallað Höll neðanvert við Vesturgötuna bjó kona sem kölluð var Rómanía. Hún var með hrafnsvart hár og brún og tinnuhvöss augu. Andlitslitur hennar var gulbrúnn. Útlit hennar var með þeim hætti að hún gat tæpast verið af íslensku bergi brotin. Lýsingar af henni benda

til þess að hún hafi verið af ætt rómana eða sígauna eins og þeir hafa oft verið kallaðir hér á landi. Ekki er vitað til að hún hafi átt mann né hvaðan nafn hennar var komið. Í Höll bjó einnig ung stúlka kölluð Malla. Hún mun hafa verið skemmtanaglöð og eftirsótt af karlmönnum en Rómanía mun hafa verið hana af grimmd fyrir ágengni hins kynsins.

Þetta er fyrri hluti umfjöllunar um Vesturgötuna sem móðir gamla Vesturbæjarins. Síðari hlutinn verður birtur í næsta blaði.

Heimildir:
Árni Óla. *Úr sögu Hlíðarhúsa. Mb. 9 maí 1948.*

Ágúst Jósefsson. *Sérkennilegt fólk í Reykjavík á fyrri tíð. Sunnudagsblaðið 27. september 1959.*

Húsakönnun í Reykjavík. Guðný Gerður Gunnarsdóttir.
Timarit.is. Ýmis fréttaskrif.



Tveir tímar. Sá ný og hinn gamli hlið við hlið við Vesturgötuna.

SAMENGGUN
SHAVADI
SLIT

HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS

1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

 Rauði kross Íslands

TÖKUM
NAGLADEKKIN
ÚR UMFERÐ
15. APRÍL

Sjá nánar: www.reykjavik.is/thjonusta/tokum-nagladekkin-ur-umferd



Reykjavíkurborg

VOR Í LOFTI!



Mikið úrval. Einstök gæði. Sterk siðvitund.



Íslenskur aðalbláberjalatte fyrir ónæmiskerfið og hjartað.

Acai skál og allskyns grautar.



Möntruskart. Hringir. Hálsmen. Armbönd.

Dekraðu við húðina með Wild Grace. Hárnákvæm blanda jurta og olía.



Landsins mesta úrval af korkjógadýnum. Korkurinn er framtíðin. Þú þarft aldrei jógaþandklæði.




Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Skipulag vegna borgarlínu kynnt á samráðsgáttinni

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa lagt sameiginlega verk- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogs og Reykjavíkur fram til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda. Breytingarnar felast í að staðsetja legu fyrstu lotu Borgarlínu og svokallaðrar kjarnastöðvar milli Hamraborgar í Kópavogi og Ártúnshöfða í Reykjavík, ásamt fyrirhuguðum breytingum á Sæbraut og Miklubraut.

Verk- og matslýsingar verkefnisins verða í kynningu frá 7. apríl til og með 9. maí og verður hægt að nálgast þær á eftirfarandi slóðir: samradsgatt.islands.is; borgarlinan.is; kopavogur.is; reykjavik.is/skipulag-i-kynningu; adalskipulag.is. Frestur til að athugasemda rennur út þann 9. maí 2020 og verða ábendingar og athugasemdir að vera skriflegar. Hægt verður að senda þær á samráðsgáttina, eða borgarlinan@borgarlinan.is, skipulag@reykjavik.is eða á skipulag@kopavogur.is Niðurstöður samráðsins verða birtar þegar unnið hefur verið úr þeim



Mynd sem sýnir fyrirhugaða legu fyrsta áfanga borgarlínunnar.

ábendingum og athugasemdum sem berast. Fyrsta lota borgarlínunnar mun liggja frá Hamraborg í Kópavogi um brú yfir Öskjuhlíð við enda norður suðurbrautar

Reykjavíkurlflugvallar. Um BSÍ, framhjá Reykjavíkurtjörn á Lækjartorg og þaðan í gegnum austurbogarina í átt til Ártúnshöfða.

Auður tekur við Ægisborg

Auður Ævarsdóttir tekur við stjórnartaumum í leikskólanum Ægisborg í Vesturbæ af Sigrúnu Birgisdóttur. Auður tekur til starfa 1. júní.

Auður lauk prófi sem leikskólakennari frá Fósturskóla Íslands 1994 og viðbótarnámi til B.Ed. prófs í leikskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 2005. Hún lauk auk þess framhaldsnámi í menntunarfræði á sviði yngri barna frá Háskóla Íslands 2008 og meistaranámi í stjórnun menntastofnana með áherslu á matsfræði frá Háskóla Íslands 2015. Auður hefur áralanga reynslu af leikskólastarfi sem deildarstjóri og aðstoðarleikskólastjóri auk þess sem hún hefur starfað sem verkefnastjóri ytra mats í leikskólum á skrifstofu skóla- og frístundasviðs sl. fimm ár.



Ægisborg.

ER PLANIÐ SKÍTUGT?



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUT • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





Aukin þjónusta við eldri borgara

Í ljósi aðstæðna bjóðum við eldri borgurum, sem ekki hafa tök á að nýta sér Íslandsbankaappið eða netbanka, að hringja í okkur í **sérstakt símanúmer 440-3737** fyrir alla helstu bankaþjónustu.

Góð þjónusta breytir öllu



Tryggvagata endurgerð í sumar



Þannig er gert ráð fyrir að svæðið fyrir framna Tollhúsið líti út að endurgerð lokunni.

Ákveðið hefur verið að endurgera Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Grófinni í sumar. Endurnýja á allt yfirborð gatna. Vatns- og fráveitulagnir verða endurnýjaðar ásamt rafveitu. Gönguleiðir verða hellulagðar. Gatnamótum verður lyft upp í sömu hæð og gangstéttar og þau steinlögð. Hjólabogar verða á svæðinu. Þá verða sérstök stæði fyrir hreyfihamlaða og vörulosun. Aksatursstefna um götuna verður til vesturs. Gert er ráð fyrir að tilboð í verkefnið verði opnuð í maí og að verktaki geti hafð störf í júní. Áætlað er að muni kosta 450 milljónir króna.

Fyrri hluti verkefnisins verður áfangaskiptur í samstarfi Reykjavíkurborgar og Veitna. Byrjað verður á lagnavinnu en Veitur leggja nýjar fráveitulagnir og aðgreina í leiðinni regnvatnið frá skólpinu. Lagnir vatnsveitu, hitaveitu og rafveitu verða endurnýjaðar. Margar þessara lagna eru komnar til ára sinna. Skólplögnin og kaldavatnslögnin eru frá árinu 1925 og hafa því þjónað íbúum og fyrirtækjum í miðbænum í tæpa öld.

Gert er ráð fyrir að svæðið fyrir framan Tollhúsið verði glæsilegt almenningsrými. Mósaíkverk Gerðar Helgadóttur á Tollhúsinu mun að loknum framkvæmdum fá að njóta sín betur en áður. Undir listaverkinu verður torg sem liggur einstaklega vel við sólu og hentar því vel sem dvalarsvæði fyrir vegfarendur. Á svæðinu verða einnig litlir þokuúðarar sem bjóða upp á leik og veita svæðinu ákveðna dulúð. Mósaíkmyndin á suðurhlíð Tollhússins var sett upp fyrir nærri hálfri öld. Listaverkið verður lýst upp og fá mósaíksteinarnir að njóta sín betur en áður á þessum 142 fermetra fleti. Gerður var brautryðjandi í þrívíðri abstraktlist hér á landi og einnig frumkvöðull í glerlist. Listakonan lést tveimur árum eftir að Tollhúsverkinu var lokið 47 ára að aldri.

Djöflarót slær í gegn í Vesturbænum

“Fyrsta varan okkar nefnist Djöflarót, engiferdrykkur frá helvíti, og fór að skjóta upp kollinum á betri veitingahúsum borgarinnar undir lok síðasta árs. Það var að vísu bara tilraunaútgáfa sem heppnaðist bara svo vel að við ákváðum að koma henni í umferð, svona undir radar. Það voru Skál! og Dill sem riðu á vaðið og það gekk svona líka prýðilega að varan kláraðist hratt. Við ræddum það strax í upphafi að þegar varan færi í hillur verslana vildum við byrja hjá Pétri í Melabúðinni og koma okkur svo í Pétursbúð og Rangá í framhaldi. Við vorum því yfir okkur ánægðir þegar Pétur tók okkur vel og svo fór að við vorum mættir í hillur hjá honum korter í kóróna og óhætt að segja að salan í Vesturbænum sé langt fram yfir okkar villtustu væntingar.” segir Sturlaugur Jón Björnsson, gosgerðarmeistari Öglu Gosgerðar.

“Við erum að framleiða þetta í tiltölulega litlum bruggunargræjum og því eru loturnar mjög smáar miðað við hvað gengur og gerist í þessum gosbransa. Við leggjum alla áherslu á gæði, hvort sem um ræðir vinnsluáferðir eða hráefni og trúum því að það sé ört vaxandi hópur sem hefur áhuga á gæðum og gagnsæi í sköpun á vörum sem þessum. Djöflarót er til að mynda semsett úr hágæða náttúrulegum hráefnum; umtalsverðu magni af engifer, sítrónusafa, sykri og vatni – við gerjum hana svo í um sólahring til að fullkomna jafnvægið.”

“Þetta hefur farið frábærlega af stað hjá okkur hérna í Melabúðinni og ljóst að okkar kunnar hafa umtalsverðan áhuga á þessu – það er mikið spurt út í þetta og salan hreint ótrúleg, enda bæði útlit og stemming í þessu sem fær fólk til að staldra við. Það er ekki á hverjum



Pétur Alan og Sturlaugur Jón Björnsson við Melabúðina.



Axel og Hákon, kaupmenn í Pétursbúð ásamt Sturlaugi Jóni Björnssyni gosgerðarmeistara.

degi sem að viðlíka undirtektir sjást með algjörlega óþekkta vöru, viðskiptavinir kaupa þennan eðaldrykk aftur og aftur sem eru bestu meðmælin og það er óhætt að segja að við séum spennt fyrir framhaldinu hjá Öglu Gosgerð” segir Pétur Alan Guðmundsson í Melabúðinni.

Um Öglu Gosgerð:

Agla er framfarasinnuð gosgerð sem leitast við að nota náttúruleg hráefni og ónáttúrulega ástríðu við sköpun á hágæða gosi. Nostrað er við hvert smáatriði, allt frá hráefni til handbragðs, til að draga fram besta mögulega bragðið og mestu mögulegu gleðina.

Agla gosgerð – bannað að þamba!

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





TOYO TIRES

MAXXIS

Laufenn
Journey in Style

INTERSTATE
TIRES

NORDEX
- great tires

NANKANG
FREE YOUR WAY

Nesdekk - í næsta nágrenni!

Réttu dekkin draga fram bestu
eiginleika bílsins og veita
hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
við val á réttum dekkjum.



Nesdekk
Fiskislóð 30 / 101 Reykjavík / 561 4110

NESDEKK
Síðan 1996

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Tekið á móti garðaúrgangi á þremur nýjum stöðum

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að bjóða upp á móttöku garðaúrgangs frá íbúum borgarinnar nú í vor. Þessi þjónusta verður í boði á þremur stöðum í borginni. Með garðaúrgangi er átt við trjágreinar og trjáaflippur en ekki jarðveg. Jarðveg verður að skila á endurvinnslustöð Sorpu.

Staðirnir þrjú eru ný hverfastöð borgarinnar við Fiskislóð 37c, Sævarhöfði 33 þar sem gamla sementsstöðin var til húsa og hverfastöðin á Kjalarnesi við Vallargrund 116.

Þjónustan er hafin á Fiskislóð en fer í gang á Sævarhöfða og Kjalarnesi frá og með föstudegi, 24. apríl og verður í boði til 16. maí. Opnunartímar á

Fiskislóð og Sævarhöfða verða í samræmi við opnunartíma endurvinnslustöðva Sorpu.

Fiskislóð: Alla daga frá 11.30-19.

Sævarhöfði: Alla daga frá 11.30-19.

Kjalarnes: Virka daga 07.30-17 og 14 til 18 um helgar.

Þetta er sérstök ráðstöfun í ljósi aðstæðna í samfélaginu til að létta undir með endurvinnslustöðvum Sorpu en þar hafa myndast langar raðir að undanfögnu. Reynsla síðustu daga á Fiskislóð hefur verið góð og hefur fólk lýst ánægju sinni með framtakið. Vonandi geta sem flestir nýtt sér þessa þjónustu við tiltekt í garðinum þetta vorið.

FYRIRTAK
málningarþjónustaTRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri og hagkvæmri byggingu frá Húseiningu

Nú er rétti tíminn til að fara í byggingarframkvæmdir og nýta sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti eins og kostur er!

Húseining býður einingahús við verksmiðjudyrd með ákominni lárétrri álþáru á allar einingar sem sett er á í verksmiðju við bestu aðstæður. Allir REHAU gluggar og hurðir eru komin í einingar ásamt vatnsbrettum. Innifalið í verði er allt þakvirki, þakkantur og þakrennur, steinullareinangrun í útveggjum og þak. **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að bera á eða mála.** Húsin eru fljótrest þar sem einingar eru tilbúnar til reisingar frá verksmiðju og því lánsþæf fyrir.

Sól sumarhús 66-111m²

Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Verðend ekki innifalin.

Verð aðeins
108.200 kr.
pr/m² m. vskSól sumarhús 66-111m²

Sól sumarhús eru heilsárshús, útveggir eru byggðir úr styrktarflokkuðu timbri 45x145mm, steinull er 145mm, rakavarnarlag ásamt lagnagrind fylgir með. Þakvirki er byggt úr uppteknum kraftsperrum sem eykur lofthæðina til muna. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Verðend ekki innifalin.

Verð aðeins
108.200 kr.
pr/m² m. vskKlassik einbýlishús 100-400m²

Klassik einbýlishús með lárétrri álþáru við verksmiðjudyrd er hagkvæmur kostur, flytja má útveggjaeiningarnar á traustum vagni frá verksmiðju á byggingastað sem við lánnum okkar kaupendum. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.

Verð aðeins
114.200 kr.
pr/m² m. vskFunk einbýlishús 100-400m²

Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metrar, einbýlishús við verksmiðjudyrd er hagkvæmur kostur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.

Verð aðeins
135.800 kr.
pr/m² m. vsk

- Íslensk hönnun og framleiðsla.
- TwinWall tveggja þátta húseiningar.
- Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.
- Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.
- Timburhús eru heilnæmur íverustaður.
- Sterkari hús.
- Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.
- Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.
- Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.

Gluggar og hurðaprófilar koma frá hinu þekktu þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fánlegir í mörgum litum.

Sökkjar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.

Ný lög varðandi virðisaukaskatt, nú skal á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils á byggingarstað.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum.
Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is sala@huseining.is

Alla leið á öruggari dekkjum



Pantaðu tíma
í dekkjaskipti
á n1.is



Michelin CrossClimate+

- Sumardekk fyrir norðlægar slóðir
- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Halda eiginleikum sínum vel út líftímann
- Gott grip við flest allar aðstæður



Michelin Primacy 4

- Öryggi frá fyrsta til síðasta kílómetra
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir aksturseiginleikar



Michelin Pilot Sport 4

- Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
- Gefa óviðjafnanlega aksturseiginleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkinn á markaðnum í sínum flokki

Notaðu
N1 kortið

Hjólbarðajónusta N1

Bíldshöfða 440-1318
Fellsmúla 440-1322
Réttarhálsi 440-1326
Ægisíðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372
Dalbraut Akranesi 440-1394
Réttarhvammi Akureyri 440-1433

Opið
mán – fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13
www.n1.is



Reykjavíkurborg auglýsir eftir tillögum að útilistaverki sem sett verður upp í almannarými **Vesturbæjarins**. Tílefnið er íbúakosningin Hverfið mitt 2019 og verkinu er ætlað að auðga mannlíf í hverfinu, fegra eða virkja vannýtt svæði og skapa spennandi umhverfi. Frestur til að skila tillögum rennur út kl. 17, fimmtudaginn **21. maí** n.k.

Allar nánari upplýsingar er að finna á reykjavik.is/listaverk





Garða- og
tómstundakerrur
frá:
155.900 kr.

BRENDERUP GÆÐAKERRUR Í BÍLANAUST

Brenderup kerrur leysa allar tegundir flutninga enda er úrvalið mjög fjölbreytt. Þær eru fyrir löngu búnar að sanna sig við íslenskar aðstæður sem harðgerðar, öruggar og vel smíðaðar kerrur með góða aksturseiginleika. Komdu í Bílanaust og fáðu upplýsingar um Brenderup kerrur.



Tækjakerrur
frá:
1.359.900 kr.

lönaðarkerrur
frá:
319.900 kr.



Bílaust
Á FULLRI FERÐ

- | | | | | | | |
|---|--|---|---|---|--|--|
| STÓRVERSLUN
DVERGHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000 | Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000 | Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800 | Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510 | Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200 | Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085 | Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244 |
|---|--|---|---|---|--|--|